

Gammafundur haldinn mánudaginn 1. október 2018 að Skólagerði 67 Kópavogi (heimili Bjargar Eiríksdóttur)

María formaður setti fundinn og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

1. Því næst var nafnakall sem Edda P. framkvæmdi.
25 konur voru mættar: Árný, Björg, Bryndís Jóna, Bryndís St., Edda P., Edda Vikar, Fríða, Gerður, Guðný, Helga H., Helga Th., Hertha, Hildur S., Ingibjörg Ein., Ingibjörg J., Jóhanna, Margrét, María, Pálína, Ragnhildur, Rannveig, Renata, Sigrún, Stefanía, Svana, Vilborg.
2. Helga G. Halldórsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún gerðir kvennafrídaginn 24. október nk. að umræðuefni sínu, en hún er fulltrúi Delta, Kappa, Gamma í undirbúningsnefndinni og landsbyggðarhópnum sem undirbýr m.a. útifund á Arnarhóli miðvikudaginn 24. október kl. 15:30 undir kjörorðinu: Breytum ekki konum, breytum samfélaginu. Konur eru hvattar til að leggja niður vinnu kl. 14:55 þennan dag, en samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands um launamun kynjanna þá hafa konur unnið fyrir dagvinnulaunum sínum eftir 5 klst. og 55 mín. þ.e. miðað við fullan vinnudag kl. 9-17. Daglegum vinnuskyldum kvenna er því lokið kl. 14:55 og með þessu áframhaldi ná konur ekki sömu launum og karlar fyrr en árið 2047 – eftir 29 ár. Me Too bylgjan hefur haft áhrif á umræðuna og kröfurnar að undanfögnu og umræðan um ofbeldi og kulnun í starfi er einnig hávær. Síðast liðin ár hafa frásagnir kvenna af áreitni, ofbeldi og misrétti á vinnustöðum undirstrikað að brýnt sé að tryggja öryggi kvenna og jaðarsettra hópa á vinnumarkaði. Nú er nóg komið, konur eiga að vera óhultar heim og óhultar í vinnu. Helga hvetur allar Gammakonur til að mæta á útifundinn og bendir á heimasíðuna kvennafridagur.is.
3. María formaður tók næst til máls og óskaði Renötu til hamingju með fertugst afmælið, færði henni rós og kort sem innhélt afmæliskveðju og ljóðinu Áráttu orðanna eftir Önnu Snorraddóttur, því næst óskaði hún Margréti til hamingju með sjötugs afmælið og færði henni rós og afmæliskort með ljóðinu Vorganga í Dölum eftir Anton Helga Jónsson að lokum óskaði María Bryndísi Steinþórsdóttur til hamingju með níutíu ára afmælið og afhenti henni rós og afmæliskort með ljóðinu Ef ekki verður rigning eftir Steinunni Sigurðardóttir. Bryndís er ein af stofnendum Gammadeildarinnar og hefur starfað með deildinni frá upphafi í rúmlega 40 ár.
4. Gunnar Hersveinn flutti erindi/hugleiðingu sem bar heitið Hvað er menntun? Erindið byggðist fyrst og fremst á bók sem þau hjónin þ.e. hann og Friðbjörg Ingimarsdóttir gáfu út 2016 og heitir Hugskot: Skamm-, fram- og víðsýni. Hann hóf umræðuna á því að markmið með menntun er að móta góða menntun fyrir alla og nemandinn kunni að efast og læri gagnrýna hugsun, en stóra spurningin er er hægt að læra gagnrýna hugsun og í hverju felst gagnrýnin hugsun? Forvitni er forsenda sköpunar og sköpun er leit að lausn. Sköpunargáfan felur í sér að gera tilraunir og leit að visku. Sköpun er að búa til en ekki að eyða. Samábyrgð er elfd í skólum með því að gera nemendum kleift að taka þátt í ákvörðunum. Nýr tíðarandi kallar eftir gagnrýnni hugsun og leggja þarf rækt við sköpun til að efla borgaravitund. Gunnar gaf orðið laust og miklar umræður spunnust út frá erindi hans m.a. erum við að æfa gagnrýna hugsun í skólunum, ekki hlustað nægjanlega á börn, tókum vandamálin frá börnum bæði kennarar og foreldrar.
5. Kaffihlé.
6. Önnur mál, undir þeim lið tók Margrét til máls og þakkaði fyrir afmæliskveðju Gammadeildarinnar og sagði frá afmæliserindi sem hún hélt á afmælinu sínu um heilsu, gildi hreyfingar og fleira í þeim dúr. Hún þáði ekki afmælisgjafir en það söfnuðust 400 þúsund sem

runnu til starfsemi Hugrúnar, sem er félag stofnað vorið 2016 af nemendum í hjúkrunarfræði, læknisfræði og sálfræði við Háskóla Íslands. Félagið hefur það að markmiði að fræða ungt fólk um geðheilbrigði, geðsjúkdóma og úrræði, sem og að auka samfélagslega vitund.

7. Ritari las fundargerð frá fundi 4. september.
8. Formaður sleit fundi og slökkti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.

Ritari: Hildur Skarphéðinsdóttir